

**Nd.**

**556. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 44 27. júní 1941, um tannlæknakennslu við læknadeild háskólans.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

2. gr. laganna hljóði þannig:

Kveða skal á um tilhögun kennslu og prófa í reglugerð og miðað við það, að náminu verði lokið á 4—5 árum. Sérstaklega skal kveða á um tilhögun tannlækna-náms lækna og læknastúdenta, sem lokið hafa prófi í fleiri eða færri greinum almennrar læknisfræði, enda skulu þeir undanþegnir prófi tannlæknastúdenta í þeim greinum, eftir því sem við getur átt.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.